



Dagsetning
2.mars 2004

Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301 mál, og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302.mál.

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 2.mars 2004 var eftirfarandi umsögn samþykkt:

Hafnarfjarðarbæ barst bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 12. febrúar 2004 þar sem lögð voru fram til umsagnar frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301 mál, matsferli, málskotsréttur o.fl., og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302.mál. Óskað var eftir umsögnum fyrir 25. febrúar 2004, en Hafnarfjarðarbæ var veittur frestur til 3.mars, þar sem erindið yrði lagt fram til umfjöllunar á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 2.mars 2004. - Hafnarfjarðarbær gerir athugasemd við að svo stuttur umsagnarfrestur skuli veittur í máli sem varðar í svo ríkum mæli hagsmuni sveitarfélaga. Ljóst má vera að ekki vinnst tóm til að fjalla um málið í þeim nefndum og ráðum sem nauðsynlegt er að eigi að því aðkomu.

Með frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum er takmörkun á veitingu framkvæmdaleyfis ekki lengur í höndum Skipulagsstofnunar, þar sem hún úrskurðar ekki lengur um matsskýrsluna heldur gefur um hana álit. Ákvörðun um matsskyldu er áfram í höndum Skipulagsstofnunar, og drög að matsskýrslu skulu unnin í samráði við hana og auglýst til athugasemda. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og endurskoðun matsskýrslu eru kærnanleg til umhverfisráðherra, en sjálf ákvörðunin um framkvæmdaleyfi er nú alfarið í höndum leyfisveitandans og getur hann rökstutt ákvörðun sína á eigin forsendum. Með þessu eru ákvörðunarréttur og ábyrgð sveitarfélaga aukin varðandi veitingu framkvæmdaleyfis. Þótt því geti fylgt aukinn kostnaður við undirbúning framkvæmdaleyfis, má telja aukið sjálfsforræði jákvætt fyrir sveitarfélögin, og vissst aðhald er tryggt með því að framkvæmdaleyfisveiting er nú kærnanleg til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála á sama hátt og byggingarleyfi. Hafnarfjarðarbær getur þó ekki fallist á að almenningur og félagasamtök með færri en 50 félagsmenn eigi ekki lengur kærurétt varðandi matsskyldu eða matsskýrslur, né heldur sjálfa framkvæmdaleyfisveitinguna, þar sem með því er dregið úr lýðræði og möguleikum hins almenna borgara til að hafa áhrif á framkvæmdir.

Breyting á skipulags- og byggingarlögum er að mestu tilkomin vegna áður nefndra breytinga á lögum um umhverfismat, og gerir Hafnarfjörður ekki sérstakar athugasemdir við það frumvarp.

Jafnframt því að umsögn þessi er lögð fram sem umsögn Hafnarfjarðarbæjar, hefur málið verið sent til frekari umsagnar Umhverfisnefndar/Staðardagskrár 21, sem er undirnefnd Skipulags- og byggingarráðs, og áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til að senda að auki hugsanlegar frekari athugasemdir þeirrar nefndar eftir fund hennar 4.mars n.k.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs